



Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Sent með tölvupósti á nefndarsvið@althingi.is

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan Stjórnarráðs Íslands, 167. mál.

Með tölvupósti þann 17. desember sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna ofangreindrar tillögu til þingsályktunar um breytta skipan Stjórnarráðs Íslands, 167. mál lagt fram á 152. Löggjafarþingi. Gefinn er frestur til 4. janúar að skila umsögn um málið.

Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til er flutningur skipulags-, húsnæðis- og mannvirkjamála til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem nefnt verði eftir breytinguna innviðaráðuneyti. Af greinargerð með tillögunni má ætla að þessi breyting miði að því að tryggja meira samræmi áætlana í þessum málaflokkum í því skyni að stuðla að uppbyggingu samgöngukerfa og innviða sem fullnægi ferðapörf með sjálfbærni að leiðarljósi. Vikið er sérstaklega að því að landsskipulagsstefna gegni þar stóru hlutverki.

Skipulagsmál og uppbygging og rekstur samgönguinnviða tengjast óhjákvæmilega með beinum hætti. Þannig geta breytingar á skipulagi kallað á uppbyggingu samgönguinnviða og breytt rekstrarforsendum þeirra. Mikilvægi samráðs á fyrstu stigum og við afgreiðslu skipulagsáætlana verður seint ofmetið. Með virku samráði og samræmingu áætlana er unnt að greiða fyrir uppbyggingu innviða sem uppfylla þarfir samfélagsins fyrir öruggar og greiðar samgöngur.

Vegagerðin tekur með vísan til framangreinds heilshugar undir framangreind markmið sem ætla má að liggja til grundvallar framkomnum tillögum sem eru í samræmi við og styðja við markmið og stefnu stofnunarinnar. Mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd fyrirbyggjandi tillagna verði í sem bestu samræmi við það þannig að ávinningur af breytingunum í þágu uppbyggingar samgönguinnviða verði sem mestur.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is